



Fjölbrautaskóli Suðurnesja

Keflavík – Njarðvík
Pósthólf 100 Sími 92-3100

89.fundur

skólanefndar Fjölbrautaskóla Suðurnesja var haldinn 25.júní 1984. Fundinn sóttu: Jón Böðvarsson, skólameistari, Gunnar Sveinsson, form.skólanefndar, Halldór Guðmundsson, Bogi Hallgrímsson, Ingimundur Guðnason, Ingólfur Halldórsson, aðstoðarskólameistari, Edda Rós Karlsdóttir, fulltrúi nemenda, Sævar Reynisson, fulltrúi kennara, Valtýr Guðjónsson, ritari.

Þetta gerðist:

1. A. Valtýr lagði fram og skýrði tillögur skólans vegna fjárlaga fyrir árið 1985. Skólameistari vann skýrslu um laun kennara í dagskóla og öldungadeild, en ritari undirbjó kaflann um samrekstur í samráði við "fjárhagsnefnd" skólanefndar. Er hann í samráði við niðurstöður reikninga fyrir 1983 og áætlun fyrir 1984. Áætlun um meiriháttar viðhald og stofnkostnað sömdu skólameistari og form. skólanefndar. Niðurstöður tillaghanna eru kr. 31.944 þús. og sundurliðast þannig:

Laun kennara	15.012 þús.
Samrekstur: Laun	3.363 "
Önnur rekstrargj.	8.859 "
Viðhald	750 "
Stofnkostnaður	3.960 "

Hækkun á rekstarliðum nemur rúmum 20 % frá áætlun '84, en stofnkostnaðaráætlun er tvöfalt hærri en var. Halldór og formaður töldu að stofnkostnaðaráætlun mætti ekki lægri vera, og lagði Halldór til að viðbótaráætlun væri gerð vegna tölvuvæðingarmála. Áætlunin var samþykkt með þeirri viðbót, (sbr.fskj.)

B. Bókhaldari lagði fram yfirlit um samrekstur skólans pr. 25/6. '84, sem nemur kr. 3.900 þús. Vitað er um einstaka gjaldaliði, sem tilheyra fyrra helmingi ársins, en eru ekki komnir fram. Skv. upplýsingum launabókhalds ríkissjóðs, hafa kennurum þegar verið greidd laun fyrir fyrra helming ársins kr. 7.525 þús.

2. Skólameistari lagði fram bréf frá Hitaveitu Suðurnesja þar sem fram kemur ásökun um að hemill hafi verið skemmdur á Ísavöllum 1, og vatnsrennsli aukið stórlega umfram heimild. Engar skýringar á þessu eru af hálfu skólayfirvalda, enda þeim algerlega ókunnugt um hvaða aðilar kynnu af hafa valdið þessu. Þykir þeim þetta að sjálfsögðu mjög miður.

3. Undirbúningur haustannar.

A. Umræður um rafiðnabraut, og vísað til niðurstöðu á síðasta fundi. Er nú ítrekuð þörf á kennslu í veikstraum strax í haust, og vitnað til flóttu nemenda héðan vegna of skamms kennslutíma (2 ár), og ekki nægrar kennslu. Hún þyrfti að standa 3 ár. Veikstraumskennsla er engin. Formaður lagði til að haft yrði samráð við sveitarfélög á svæðinu. Halldóri og Ingimundi var falið að annast það, en aðstoðarskólameistara að athuga um ráðningu nægra og hæfra kennslukrafta, að fenginni heimild ráðuneytis, sbr. fskj.

B. Umræður um endurmenntunarnámskeið fyrir vélstjóra sbr. fyrri fundargerðir. Var enn áréttuð þörf fyrir slíka kennslu. Samráð hefur verið haft við Vélskólann í Reykjavík, svo og Vélstjórafélag Suðurnesja. Halda þarf undirbúningi áfram, og afla heimildar ráðuneytis.

C. Menntaskólinn í Kópavogi með fjölbrautasniði hefur þegar látið tölvuvæða fyrir sig námsferilsskráningu, nemendabókhald, fjárhagsbókhald, ásamt tilheyrandi skýrslugerðum, sem mjög oft þarf að rekja aftur í tímann. Hefur Þórhannes Axelsson annast þetta verk í Kópavogi. Skólanefnd er samþykk því að þetta verði gert hér, og vill ráða Þórhannes til starfsins að undangenginni athugum formanns og skólameistara varðandi vinnukostnað og tækni. Skólanefnd samþykkti að sækja um fjárveitingar á þessu ári varðandi liðina A-B-C, og fól skólameistara að utfylla umsóknina til menntamálaráðuneytisins.

D. Skólameistari gaf skýrslu um kennararáðningar sbr. síðustu fundargerð. Taldi hann þörf á að auglýsa á nýjan leik, m.a. eftir stærðfræðikennara og kennara í verkl. greinum sbr. lið A, og var honum heimilað að afgreiða þær ráðningar án sérstaks samráðs við skólanefnd er svo ber undir. Þá upplýsti skólameistari að um 540 nemendur yrðu í skólanum á haustönn, eða svipað og áður. Aðstoðarskólameistari og fulltrúi kennara lýstu vandkvæðum á að fá nemendur til að "velja" kennsluefni í tæka tíð, en slíkt hefur valdið töfum og erfiðleikum við stundaksrárgerð nemenda. Skólanefnd hvatti til fullnægjandi aðgerða í málinu.

4. Skólameistari vakti enn máls á kröfunni um námsvistar-gjöld utanbæjarnema og vitnaði til fyrri fundargerða og álits S.S.S. Á sínum tíma samdi skólameistari tillögu varðandi málið, en það snýst fyrst og fremst um viðskipti Reykjavíkurborgar við önnur byggðarlög vegna námsmanna. Skólanefnd er samþykk fyrgreindri tillögu, en bendir á, að hér sé fyrst og fremst um að ræða úrlausnarefni fyrir sveitarstjórnir á viðkomandi stöðum.

5. Önnur mál.

Fyrir síðustu áramót tilkynnti menntamálaráðuneyti að frá og með 1.jan. 1984 tæki það ekki þátt í saksturskostnaði með nemendur að 50 hundaðshlutum nema að frádregnum strætisvagnagjöldum, eins og nemendur í Reykjavík og víðar verða að greiða sjálfir. Skólanefnd samþykkti að innheimta ekki þetta gjald á nemendur á síðustu vorönn, en mundi taka þetta til nánari athugunar í sumar, og fyrir haustönn. Upplýst er að aksturskostnaður vegna nemenda á sl.vorönn var 713 þús.kr. Lauslega er áætlað að strætisvagnagjald á nemendur utan Keflavíkur geti numið allt að 20 % af aksturskostnaðinum. Til þess að undirbúa endanlega afgreiðslu málsins að fengnu áliti viðkomandi sveitarstjórna, voru valdir þeir Ingólfur Halldórsson, Bogi Hallgrímsson og Hreinn Ásgrímsson. Afgreiða þarf málið sem fyrst.

6. Tilkynningar.

A. Í fundargerð bæjarstjórnar Keflavíkur frá 19.júní sl. var eftirfarandi bókað:

"Á fundi bæjarstjórnar 15.maí sl.var ósk skólanefndar FS um að heimilt yrði að ráða deildarstjóra og að opnað yrði tölvuver næsta haust, hafnað. Með tilliti til fram kominna upplýsinga síðan,sbr. fundargerð bæjaráðs frá 1/6.sl. um kostnað og umfang starfseminnar, þá samþykkir bæjarstjórn að fella fyrri samþykkt úr gildi, og heimilar skólanefnd FS að vinna áfram að málinu í samræmi við stefnu menntamálaráðuneytis. Samþykkt 8 : 0"

B. Sparisjóður Keflavíkur hefur gefið skólanum veggtafl, hinn besta grip, og þakkar skólanefnd gjöfina.

C. "Baðstofan" hélt málverkasýningu nær 30 málara og dráttlistarmanna í skólanum dagana 16-24.júní sl. Aðsókn að sýningunni var góð.

D. Landsmót UMFÍ verður haldið dagana 13-5.júlí n.k. í Keflavík. Óskað hefur verið eftir afnotum af húsnæði skólans þessa daga, eftir nánara samkomulagi. Samþykkt.

E. Lokið er malbikun á lóð skólans skv.skipulagi. Bæjarsjóður Keflavíkur hefur greitt allan kostnað til bráðabirgða, en nauðsynleg að skólinn greiði sinn hlut 1985, sbr.fjárl.till.

F. Valtý Guðjónssyni var falið að annast vörslu lykla og annað eftirlit með húsinu, þar sem húsvörður er í fríi. Fleita ekki gert. Valtýr Guðjónsson.